

## REGLUGERÐ

### um takmörkun á notkun fjölhringa arómatískra vetniskolefna í mýkingarolíu og hjólbörðum.

#### 1. gr.

##### *Markmið.*

Markmið reglugerðar þessarar er að koma í veg fyrir heilsu- og umhverfisskaða af völdum fjölhringa arómatískra vetniskolefna (PAH) í mýkingarolíu og hjólbörðum.

#### 2. gr.

##### *Skilgreiningar.*

*Markaðssetning:* Innflutningur, dreifing og sala.

*Mýkingarolía:* Olía sem notuð er til þess að auka sveigjanleika gúmmís.

*Fjölhringa arómatísk vetniskolefni (PAH):* Lífræn efnasambönd, sem samanstanda af a.m.k. tveimur tengdum arómatískum hringjum, sem eingöngu eru sett saman úr kolefni og vetni.

*Fjölhringa arómatar (PCA):* Lífræn efnasambönd sem samanstanda af a.m.k. tveimur tengdum arómatískum hringjum.

#### 3. gr.

##### *Takmarkanir.*

Mýkingarolíu má ekki markaðssetja eða nota til framleiðslu á hjólbörðum ef hún inniheldur meira en 1 mg/kg af benzó[a]pýreni eða meira en 10 mg/kg af summu þeirra PAH sem talin eru upp í viðauka I. Miðað skal við að mörkum skv. 1. málslíð sé náð ef útdráttur PCA er innan við 3% miðað við massa, mælt með staðli Olíustofnunarinnar (Institute of Petroleum) IP346:1998, sbr. A-lið viðauka II.

Hjólbörða og sóla til sólunar hjólbörða sem framleiddir eru eftir gildistöku reglugerðar þessarar má ekki markaðssetja innihaldi þeir mýkingarolíu yfir hámarksgildum 1. málsl. 1. mgr. Miðað skal við að mörkum skv. 1. málslíð sé náð ef skilyrði ISO staðals 21461 eru uppfyllt, sbr. B-lið viðauka II.

#### 4. gr.

##### *Undanþágur.*

2. mgr. 3. gr. gildir ekki um sólaða hjólbörða ef magn mýkingarolíu í sólanum er undir hámarksgildum skv. 1. málsl. 1. mgr. 3. gr.

#### 5. gr.

##### *Eftirlit.*

Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga, undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar, hafa eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar.

#### 6. gr.

##### *Viðurlög.*

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 26. gr. laga nr. 52/1988, um eitrefni og hættuleg efni.

7. gr.  
*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. og 29. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni.

Reglugerð þessi er sett til innleiðingar á tilskipun 2005/69/EB um 27. breytingu á tilskipun 76/769/EBE varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna hættulegra efna og efnablanda (fjölhringja arómatísk vetniskolefni í mýkingarolíu og hjólbörðum), sem vísað er til í 4. tl. XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 107/2007, þann 29. september 2007.

Reglugerðin öðlast gildi 1. janúar 2010.

*Umhverfissráðuneytinu, 13. desember 2007.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

I. VIÐAUKI

**Fjölhringja arómatísk vetniskolefni.**

benzó[a]pýren, CAS nr. 50-32-8  
benzó[e]pýren, CAS nr. 192-97-2  
benzó[a]antrasen, CAS nr. 56-55-3  
krýsen, CAS nr. 218-01-9  
benzó[b]flúoranten, CAS nr. 205-99-2  
benzó[j]flúoranten, CAS nr. 205-82-3  
benzó[k]flúoranten, CAS nr. 207-08-9  
díbenzó[a,h]antrasen, CAS nr. 53-70-3

II. VIÐAUKI

**Staðlar.**

A. Staðall Ólíustofnunarinnar (Institute of Petroleum) IP346:1998 (Determination of PCA in unused lubricating base oils and asphaltene free petroleum fractions – Dimethylsulphoxide extraction refractive index method). Eftirlit skal haft með að ekki sé farið yfir hámarksgildi benzó[a]pýrens og annarra PAH og fylgni mælinga við PCA útdráttinn. Framleiðendur eða innflytjendur skulu mæla hlutfall PAH og PCA á sex mánaða fresti eða eftir meiriháttar breytingu í framleiðsluferli, hvort sem á sér stað fyrr.

B. ISO staðall 21461 (Rubber vulcanised – Determination of aromaticity of oil in vulcanised rubber compounds). Vúlkániseruð gúmmiefnasambönd skulu að hámarki vera 0,35% „Bay“ róteindir eins og mælt er og reiknað samkvæmt staðlinum.